GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 13,60 kr./m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fastagjald á mánuði = 1.766,00 kr. + (F-130) x 8,15 kr./m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 77,20 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 102,75 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
c) Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.
d) Gjald vegna vatnsnotkunar á snjóbræðslukerfi skal vera 40% af gjaldskrá skv. b-lið.
e) Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að 6 m^3/klst.: 274 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/ klst.: 488 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.522 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 903 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:		
allt að 250 m^3	77.545 kr.		
251 - 500 m^3	77.545 kr. +	185,00 kr./m^3	yfir 250 m^3
501 - 1500 m^3	123.800 kr. +	108,35 kr./m^3	yfir 500 m^3
1501 - 6000 m^3	232.167 kr. +	69,60 kr./m^3	yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	545.289 kr. +	54,80 kr./m^3	yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 58.438 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.710 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.537 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 488, 5. júlí 2000.

Iðnaðaráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

20. júní 2001 Nr. 488

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesskaupstaðar.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli söfn o.fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur.

Enginn má sýna öðrum áreiti á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.